



Aðalfundur FIMAK 15. Maí 2019

Fundaefni:

1. **Fundarsetning og ávarp formanns.** Ívar setur fundinn
2. **Kjör fundarstjóra og fundarritara.** Stjórn leggur til að Unnsteinn Jónsson verði fundastjóri og Inga Stella Pétursdóttir verðir fundaritari. Samþykkt með meirihluta atkvæða.
3. **Staðfest lögmæti fundarins.** Fundur var boðaður 29. apríl og því löglega til fundarins boðað. Fundurinn er því löglegur og haldið áfram með fundadagskrá.
4. **Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.** Fundargerð finnst ekki, Hún verður færð á netið þegar hún finnst.
5. **Skýrsla aðalstjórnar, framkvæmdarstjóra og nefnda.** Ívar flytur skýrslu stjórnar.
6. **Reikningar félagsins.** Rannveig kynnir reikninga félagsins sjá fylgiskjal. Athugasemdir gerðar vegna 17. Milljóna lán frá Akureyrarbæ sé skráð sem styrkur. Hermann spyr um „sárabótina“ sem við fáum frá FSÍ við að NEM verður flutt suður. Ívar útskýrir Norðurlandamótið 2021 sem við fáum í staðinn.
7. **Umræður um skýrslur.** Lánið frá Akureyrarbæ rætt, óskað eftir að það sé fært inn sem lán en ekki sem styrkur. NEM rætt.
8. **Reikningar bornir undir atkvæði.** Reikningur er samþykktur með þeim fyrirvara að reikningurinn sé leiðréttur með tilliti til þess sem að ofan greinir og samþykkt af skoðunarmönnum.
9. **Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar liggja fyrir.
10. **Kosning formanns.** Ívar einn í framboði, réttkjörinn
11. **Kosning stjórnarmanna og 2 varamanna.** Rannveig Jóhannsdóttir hættir. Guðmundur Karl Jónsson og Aðalheiður Reynisdóttir eru áfram eitt ár. Sóveig Jóna Geirsdóttir sem átti eitt ár eftir er hætt vegna veikinda. Inga Stella Pétursdóttir og Hrefna Óladóttir gefa báðar kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Til viðbótar gefa kost á sér til tveggja ára þær Rannveig Inga Ómarsdóttir og Íris Ósk Tryggvadóttir. Engin móttframboð bærust og því allir sjálfkjörnir í stjórn. Varamenn kosnir Tinna Lóa og Guðný.
12. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.** Laufey og Hermann Herbertsson.
13. **Ákvörðun styrktarfélagsgjalda.** Óbreytt
14. **Önnur mál.** Ívar fjallar um sameingapælingar. Minnst á KA rútna. Umræða um samanburð á áhaldafimleikum og hópfimleikum.

Geir Kristinn formaður ÍBA biður um orðið og sendir kveðju frá ÍBA og ÍTA (Ellert yfirgaf fundinn snemma). Hann fjallar um tvö algengustu atriði á aðalfundum, rekstrarerfiðleika og aðstöðuleysi. Bara það fyrrnefnda á við hér. Kynnir upphaf umræðu um fækkun félaga í bænum og sameiningaferli. Nefnir stækkun Giljahverfis og því kjörin tækifæri fyrir félagið. Hermann talar um að sameining við minni félög sé ekki eins góður kostur til sameingar. Geir talar um framtíðarplön séu þrír kjarnar mt.t. mannvirkja.